

Umsækjendur um alþjóðlega vernd
07 325

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Umsækjendur um alþjóðlega vernd

Fjárlagaliðurinn er í umsjón

Vinnumálastofnunar

kt. 700594-2039

Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Umsækjendur um alþjóðlega vernd er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli 27. og 33. grein laga nr. 80/2016 um útlendinga og VI. kafla reglugerðar nr. 540/2017 um útlendinga, 23. – 30. grein reglugerðarinnar.

Þann 1. Júlí 2022 var Vinnumálastofnun falið framkvæmd með verkefninu Umsækjendur um alþjóðlega vernd en Útlendingastofnun fór með framkvæmdina fram að þeim tíma. Verkefnið var flutt frá Dómsmálaráðuneyti þann 1.1.2022 undir Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti sem fól síðan Vinnumálastofnun umsjón með verkefninu.

Verkefnið snýr að framfærslu umsækjenda um alþjóðlega vernd á meðan umsóknarferlið stendur yfir. Fjöldi umsókna um alþjóðlega vernd á árinu 2022 voru 4.496 samanborið við 872 á árinu 2021 sem sýnir hversu mikill vöxtur er á milli ára í þessum málaflokki.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 10 og málaflokk 50 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 4.680,0 milljónir og afkoma kr. -63,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -63,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 1.146,1 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Umsækjendur um alþjóðlega vernd í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning fyrir fjárlagaliðinn Umsækjendur um alþjóðlega vernd fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Unnur Sverrisdóttir,
forstjóri Vinnumálastofnunar

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	4.679.965.000	0
Tekjur samtals		4.679.965.000	0
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	3	71.986.936	0
Framlög og tilfærslur		11.300.000	0
Annar rekstrarkostnaður	4	4.660.080.887	0
Gjöld samtals		4.743.367.823	0
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(63.402.823)	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	5	(367.636)	0
		(367.636)	0
Afkoma ársins		<u>(63.770.459)</u>	<u>0</u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	(68.735.459)	0
Rekstrartilfærslur		4.965.000	0
		<u>(63.770.459)</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	6	1.054.071.494	0
Handbært fé		92.008.297	0
Veltufjármunir samtals		<u>1.146.079.791</u>	<u>0</u>
Eignir samtals		<u>1.146.079.791</u>	<u>0</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	7		
Hrein eign		(63.770.459)	0
Eigið fé samtals		<u>(63.770.459)</u>	<u>0</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	6	1.207.501.868	0
Viðskiptaskuldir		1.011.688	0
Ýmsar skammtímaskuldir	8	1.336.694	0
Skuldir samtals		<u>1.209.850.250</u>	<u>0</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.146.079.791</u>	<u>0</u>
Aðrar upplýsingar	9		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(63.770.459)	0
		(63.770.459)	0
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Tengdir aðilar		153.430.374	0
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		2.348.382	0
		155.778.756	0
	Handbært fé frá rekstri	92.008.297	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		92.008.297	0
		0	0
	Handbært fé í árslok	92.008.297	0

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnstæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skýringar

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2022 2021

2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins	4.679.965.000	0
	<u>4.679.965.000</u>	<u>0</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	2.183.400.000	0	0	2.183.400.000
Fjáraukalög	(129.700.000)	0	0	(129.700.000)
Millifært úr varasjóð	2.610.000.000	0	0	2.610.000.000
Millifært af ráðstöfunarlið ríkisstjórnar	0	16.265.000	0	16.265.000
Fjárveiting til tekna	4.663.700.000	16.265.000	0	4.679.965.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(4.732.435.459)	(11.300.000)	0	(4.743.735.459)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(68.735.459)	4.965.000	0	(63.770.459)

2022 2021

3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	57.832.734	0
Orlof, breyting	1.336.694	0
Launatengd gjöld	12.805.508	0
Starfsmannakostnaður	12.000	0
	<u>71.986.936</u>	<u>0</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	1,7	0,0
------------------------------	-----	-----

4 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	63.085	0
Byggingarvörur, almennar	122.522	0
Tæki og búnaður til innréttinga	4.752.101	0
Ýmis tæki og áhöld	32.400.477	0
Orkugjafir	1.001.040	0
Matvæli	5.620.545	0
Almennar rekstrarvörur	24.036.532	0
Vörukaup, almenn	67.996.302	0
Ýmsar sérgreindar vörur	64.794	0
Vörukaup, sérgreind	64.794	0
Fundir, námskeið, risna	178.065	0
Ferðir, uppihald	27.542.321	0
Akstur	51.878.207	0
Sérfræðiþjónusta	599.849.800	0
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	832.367	0
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	5.715	0
Vistunargjöld	217.850.539	0
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	2.373.053	0
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	900.510.067	0

Skýringar

	2022	2021
4 Annar rekstrarkostnaður, frh.		
Samningsbundin kaup og leiga	3.182.470.572	0
Afnotagjöld	291.443	0
Leigugjöld	425.360.197	0
Notkun véla og flutningatækja	2.015.720	0
Verkkaup	81.289.108	0
Opinber gjöld	82.684	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>3.691.509.724</u>	<u>0</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>4.660.080.887</u>	<u>0</u>
5 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		
Dráttarvextir	367.636	0
	<u>367.636</u>	<u>0</u>
	31.12.2022	31.12.2021
6 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	1.054.071.494	0
	<u>1.054.071.494</u>	<u>0</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	1.207.501.868	0
	<u>1.207.501.868</u>	<u>0</u>
7 Eigið fé		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;		
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	0	0
Afkoma ársins	(63.770.459)	0
Jöfnuður 31.12.	<u>(63.770.459)</u>	<u>0</u>
Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.		
	31.12.2022	31.12.2021
8 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	1.336.694	0
	<u>1.336.694</u>	<u>0</u>

Skýringar

9 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi húsaleigusamninga og einnig ýmsa rekstrar- og þjónustusamninga. Greiðslur ársins 2023 vegna húsaleigu munu nema 870,3 milljónum króna og vegna rekstrar- og þjónustusamninga 4.075,6 milljónum króna.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.